


Skipulagsstofnun
 Sigmar Arnar Steingrímsson
 Laugavegi 166
 150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. apríl 2009
 Tilvísun: UST20090400004/hj

Breyting á eldi Rifóss hf., í Lónum í Kelduhverfi.


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmt skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Í erindinu kemur fram að óskað er breytinga á því magni semala má í kvíum þannig að leyfilegt magn af laxi verði 700 tonn og af bleikju 500 tonn, en að eldi verði hagað þannig að heildar eldismagn fari aldrei yfir 1000 tonn samtals á ári. Í lýsingu kemur fram að búrin eru færð til annað hvert ár, fóðurleyfum dælt út í svo kallað ytralón á útfalli og köfun framkvæmd árlega til að kanna ákomu úrgangs í lóninu. Ennfremur fylgir kort af staðsetningu kvía, lýsing á botni og töflur um samsetningu og nýtingu fóðurs.

Í mati á þoli viðtakans sem Akvaplan-Niva gerði 2005 kemur fram að með 1200 tonna framleiðslu á ári í lóninu styttilist sá tími sem það tekur að klára súrefnið í neðri lögum lónsins um 9 vikur miðað við 700 tonna ársframleiðslu, úr 2,1 mánuði í 1,8 mánuð. Ennfremur kemur fram í skýrslunni að við náttúrulegar aðstæður taki það 2,6 mánuði fyrir lónið að verða súrefnissnautt. Þar er einnig bent á að hreinsun úrgangs undir búrum sé góð aðgerð til að minnka súrefnisnotkun og þar með myndun á H₂S.

Í ljósi ofanritaðs telur Umhverfisstofnun að aukning úr 700 tonna heildarframleiðslu í 1000 tonn sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum, ekki síst í ljósi skilyrða í starfsleyfi um varnir gegn mengun umhverfisins. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ef heimild til að ala bæði lax og bleikju er fullnýtt verður framleiðslan 1200 tonn á ári. Stofnunin telur eðlilegt að samanlagt leyfilegt magn rúmist innan þeirra 1000 tonna ársframleiðslu sem um er sótt.

Virðingarfyllst


 Helgi Jónsson
 ráðgjafi


 Ólafur A. Jónsson
 deildarstjóri